



Starfsemi Regnbogans

Samantekt 2024-25
Starfsáætlun 2025-2026

Efnisyfirlit:

Regnboginn.....	3
Áherslur í starfi leikskólans.....	5
Greinargerð skólastjóra um starf Regnbogans	7
Niðurstöður innra og ytra mats 2024-25.....	8
Umbótaáætlun leikskólans fyrir skólaárið 2025-2026	11
Greinargerð Gulu deildar um starfið skólaárið 2024-2025.....	12
Greinargerð Rauðu deildar um starfið skólaárið 2024-2025	14
Greinargerð Grænu deildar um starfið skólaárið 2024-2025	18
Starfsþróunarsamtöl, fræðsla og skipulagsdagar.....	22
Samstarf.....	23
Foreldrasamvinna	23
Lokaorð.....	24
Fylgiskjöl	25

Regnboginn

Regnboginn er sjálfstætt rekinn leikskóli að Bleikjukvísl 10, í Reykjavík. Rekstraraðili er *Gaudium ehf.*

Deildir skólans eru þrjár, fyrir börn á aldrinum frá 18 mánaða - 6 ára eða til upphafs grunnskólagöngu. Lóðin er skjólgóð og í nágrenni skólans er eitt besta útivistarsvæði sem finna má innan borgarmarkanna eða sjálfur Elliðaárdalurinn. Dalurinn er óspart notaður til útivistar, rannsókna á lífríki dalsins og til að leika, skynja, nema og njóta.

Nám barnanna hvílir á stoðum Aðalnámskrár leikskóla og einnig er horft til hugmyndafræði sem kennd er við Loris Malaguzzi frá Reggio Emilia á norður Ítalíu, oftast kölluð Reggio-stefnan. Stefnan grundvallast á þeirri sýn að öll börn séu máttug, frjó og mikilhæf, með fjölbreytta hæfileika og eigindir. Stefnan lítur svo á að það sé hlutverk foreldra og kennara að skapa börnum námsumhverfi svo hæfileikar og færni hvers barns blómstri. Regnboginn hefur frá upphafi verið í samstarfi við aðra Reggióskóla á Íslandi og flestir kennarar skólans hafa sótt endurmenntun við Loris Malaguzzi International Instituted í Reggio Emilia.

Markmið Regnbogans er að barnið öðlist:

*Góðan almennan þroska
Tilfinningalega færni
Sterka sjálfsvitund
Sjálfsaga
Hæfni í samskiptum
Skapandi færni
Frjóa hugsun*

Við teljum að ofan talin markmið séu grundvöllur þess að börn verði hamingjusamir einstaklingar með færni til að takast á við formlegra nám síðar meir og til að vera skapandi frumkvöðlar í lífi og starfi.

Gildi Regnbogans eru:

Virðing - Gleði - Umhyggja

Einkunnarorð skólans eru:

Börn eru merkilegt fólk



Útskriftarhópurinn 2025

Árgangur 2019, kennarar þeirra og skólastjórnendur.

Leiðarljós Regnbogans

Að hvert og eitt barn er frjótt og mikilhæft með eigin getu, löngun og fjölbreyttar eigindir til að tileinka sér færni og þekkingu.

Áherslur í starfi leikskólans

Tilfinningalega styðjandi umhverfi - *Mál- og lesþroski* - *Skapandi starf*
eru þrjár megin stoðir í starfi Regnbogans og eru hér nefndar í grófum dráttum

Tilfinningalega styðjandi umhverfi

Við viljum sýna börnum virðingu, gleði og umhyggju svo þau læri sjálfsvirðingu. Lögð er áhersla á skapandi samskipti svo börnin öðlist færni til að koma skoðunum sínum á framfæri og læri að virða skoðanir annarra. Rammar og reglur höfða til skynsemi barnanna svo þau öðlist innri aga. Áhersla er á hvatningu og að hrósa fyrir gott framtak og fordæmi svo börnin gefist síður upp þó á móti blási. Við erum til staðar og hjálpum barni að skilja tilfinningar sínar í reiði, sorg, áræði og gleði. Í daglegu starfi er lögð rækt við léttleika og gleði til að læra að taka sig ekki of alvarlega en um leið reynum við að skapa andrúm og festu þar sem börnin tileinka sér daglegar umgengnisreglur og almenna mannasiði. Virðing og festa í daglegum ramma þar sem réttlátar reglur gilda stuðla að sjálfsstjórn barnsins, innri aga og ró.



Mál- og læsi

Við viljum stuðla að skapandi tjáningu og virkri hlustun í daglegu starfi og rækta þannig móðurmálið okkar. Börn þurfa þjálfun í hlustun og tjáningu og góðar fyrirmyndir heima og í leikskólanum til að öðlast góðan og fjölbreyttan orðaforða. Grunnurinn að góðum málþroska hefst með fyrsta hjali foreldra við barn sitt. Öll málreynsla sem á eftir kemur skiptir miklu fyrir mál- og lesþroska barnsins, nú kallað læsi í námsskrám (sjá nánar á næstu síðu).



Lubbi finnur málbein er gott og skemmtilegt námsefni fyrir börn á leikskólaaldri. Náms efnið styður vel við þróun máls og læsis hjá börnum og er efnið notað á öllum deildum skólans og er að þróast í starfinu með börnum á öllum deildum Regnbogans. Sum börn geta þá orðið lesið sér til gagns en önnur stutta texta og eru vel búin undir grunnskólanámið. Þetta hefur einnig komið fram í samstarfinu við Ártúnsskóla en kennarar þar segja börnin almennt vera vel undirbúin þegar þau koma í skólann.



Skapandi starf í anda Reggio-stefnunnar

Til að börn geti þróað með sér skapandi hugsun og færni þarf að skapa börnum frjótt og vel skipulagt barnvænt leikumhverfi (inni og úti) sem hvetur til fjölbreyttra leikja og uppgötvana. Efniviður og aðstæður eiga að hvetja til könnunar og rannsókna á hlutum og fyrirbærum í daglegu lífi okkar, náttúrunni og umhverfinu. Starfið á að vera börnunum hvatning til að tjá sig á fjölbreyttan og skapandi hátt s.s. í máli, leik, tónlist og myndið. Aðalatriðið í sköpun er ferlið sjálft, ekki útkoma þess. Við viljum virða og taka tillit til getu barnsins og löngunar og leggja okkar af mörkum til að skapa kjöraðstæður einmitt á þeim tíma sem barnið er tilbúið til að skoða/rannsaka, taka á móti og nema. Reggio stefnan er í anda Menntastefnu borgarinnar þar sem barnið er virkur þátttakandi í öllu skólastarfi.



Námskrá Regnbogans er fljótandi námskrá og sjaldan eru gerðar nákvæmar áætlanir fyrirfram en stundin oftast gripin. Þó erum við, að nokkru leyti, með formlegu og verkefnamiðaðra nám á síðasta ári barnanna. Fljótandi námskrá byggð á Aðalnámskrá leikskóla gerir miklar kröfur til fagmennsku kennaranna. Grunnurinn í starfi leikskólans helgast fyrst og síðast af áherslum Regnbogans á *Tilfinningalega styðjandi umhverfi*, Mál- og lesþroska og *Skapandi starf í anda Reggio Emilia*.

Greinagerð skólastjóra um starf Regnbogans

Heilt yfir gekk skólaárið vel í Regnboganum. Við teljum okkur afar heppin með allt það frábæra starfsfólk sem starfar hjá okkur. Mannauðurinn hefur verið fjölbreyttur, samheldinn og skemmtilegur, og skilað góðum árangri í starfi. Í lok nóvember tók Fanney Guðmundsdóttir að nýju við stöðu skólastjóra. Sigríður steig tímabundið til hliðar frá daglegri stjórnun, en hefur sinnt rekstrarlegri hlið starfseminnar.

Á skólaárinu vann stjórnendateymið að umfangsmikilli endurskipulagningu í húsinu. Markmiðið var að nýta efnivið og rými betur, bæta undirbúningsaðstöðu og breyta fjölnotageymslunni þannig að hún nýtist starfseminni á markvissari hátt. Það má með sanni segja að við höfum staðið á haus á köflum, en lokaútkoman er í góðu samræmi við markmiðin og hefur þegar haft jákvæð áhrif á daglegt starf.

Útileiksvæði

Leikskólagarðurinn er kominn til ára sinna og orðinn nokkuð þreyttur. Á deildarfundum, skipulagsdögum og stjórnendafundum á árinu hafa farið fram umræður um hvernig best sé að hefjast handa við endurbætur á garðinum. Þar sem slík framkvæmd er kostnaðarsöm fyrir lítinn leikskóla er ljóst að nauðsynlegt er að vinna að umbótum í áföngum.

Starfsfólk leikskólans var sammála um að fyrsta skrefið væri að fara í hugmyndavinnu um hvað við teljum mikilvægt að garðurinn innihaldi og fá fagmann til að móta heildstæða hönnun sem hægt er að hrinda í framkvæmd smám saman.

Í hugmyndavinnunni viljum við einnig taka mið af sjónarmiðum barnanna. Í mati 4 og 6 ára barna bættum við spurningunni: „Hvað myndir þú vilja fá nýtt í garðinn?“ Margar skemmtilegar hugmyndir komu fram, meðal annars: rugguhestur, nýtt dótahús, körfuboltaspjald, trampólín, sjóræningjaskip, boxpúðar, bekkpressa og hlaupabretti.

Útisvæðið verður því hluti af langtímaumbótum leikskólans. Markmið næsta skólaárs er að hefja vonandi formlegt hönnunarferli með framtíðarsýn og þörf leikskólans að leiðarljósi.

Námskrá

Í kjölfar breytinga sem gerðar voru á Aðalnámskrá leikskóla, sem tóku gildi í september 2023, var öllum leikskólum í Reykjavík gert að endurskoða og aðlagja sínar námskrár að nýjum áherslum. Af óviðráðanlegum ástæðum var ekki unnt að hefja þessa vinnu fyrr en í janúar á þessu ári, en síðan þá hefur vinna við nýja námskrá gengið vel. Stefnt er að því að birta nýja námskrá í uppfærðu og aðgengilegu formi á næsta skólaári.

Fjölmennning

Í námskrárvinnunni höfum reynt að greina þá þætti sem betur mega fara í starfinu. Einn af þeim þáttum er að vinna meira með fjölmenningu. Útbúin voru matsblöð þar sem starfsfólk rýnir í sína deild og skoðar hvort og hverju þurfi að breyta til að efniviður, umhverfi og viðhorf endurspegli ólíka menningarheima. Þessi umbótaþáttur verður í vinnslu á komandi skólaári.

Niðurstöður innra og ytra mats 2024-25

Áherslur leikskólans í starfi – umbótaþáttur sem við vinnum með allan ársins hring. Markmiðið er að faglegt starf, viðmót og samskipti innan leikskólans endurspegli áherslur leikskólans í starfi: *tilfinningalega styðjandi umhverfi, skapandi starf í anda Reggíó Emilía og mál og læsi*. Á deildarfundum og stjórnendafundum rýnum við reglulega í starfseminu með það að leiðarljósi að greina hvað gengur vel og hvar tækifæri til vaxtar liggja. Í greinargerðum deildanna er gerð grein fyrir því hvernig hver deild metur og þróar sitt starf í samræmi við þessar áherslur.

Undirbúningur fyrir nýtt skólaár – Markmiðið var að stjórnendur fengju rýmri tíma til að undirbúa starfið á komandi skólaári og draga úr álag við að koma öllu stand á fyrsta degi. Kennarateymi elstu deildar óskaði eftir auka degi til að undirbúa starfið fyrir komandi skólaár áður en börn og annað starfsfólk mættu til starfa. Dagurinn nýttist þeim vel og hyggjast þær áfram nýta sér þetta svigrúm. Kennarateymi yngri deildanna tveggja sáu ekki þörf á að nýta sér þennan möguleika. Ákveðið hefur verið að deildarstjórar hafi frelsi til að nýta sér slíkt svigrúm, telji þeir þess þörf.

Skipulagsdagar – Skólastjóri og aðstoðarskólastjóri nýttu auka undirbúningsdag til að móta áætlun um fræðslu og endurmenntun á skipulagsdögum. Við gerð áætlunarinnar var tekið mið af óskum starfsmanna úr starfsmannakönnun, auk niðurstaðna frá endurmatsdegi stjórnendateymis.

Gildin – Í umbótaáætlun var ákveðið að vinna markvisst með gildi leikskólans ásamt gildum úr Vináttu-verkefninu. Hverju gildi var úthlutað tveimur mánuðum í skóladagatali. Gildin sem unnið var með voru: *vinátta, hugrekki, umburðarlyndi, virðing, umhyggja og gleði*. Stjórnendur og kennarar tóku að sér eitt gildi hver, undirbyggðu efni og kynntu það á deildarstjórafundum. Vinna með gildin skilaði sér misvel vel inn á deildar og hefur verið ákveðið að endurtaka þennan umbótaþátt með einfaldara sniði. Áherslan verður lögð á vináttu í upphafi skólaárs og í framhaldinu á gildin okkar þrjú: virðingu, gleði og umhyggju.

Uppbrotsdagar – Markmiðið var að festa betur í sessi hvaða daga við ætlum að hafa og merkja á skóladagatal. s.s. litadaga, uppákomur og fleira svo það gleymist ekki yfir árið. Þessir dagar voru vel merktir í skóladagatali auk þess útbjó skólastjóri til mánaðarskipt yfirlit yfir fasta liði, hefðir og viðburði á starfsárinu sem veitti góða yfirsýn yfir það sem var fram undan hverju sinni. Vinna við þennan umbótaþátt gekk vel og telst honum því lokið.

Örviðtöl – Markmið með örviðtölum var að viðhalda góðri starfsánægju og tryggja að starfsfólk finni að rödd þeirra skipti máli og hafi áhrif. Stefnt var að því að hafa tvö viðtöl á ári, eitt að hausti og annað að vori. Örviðtölin fóru fram á haustönn en skoluðust svolítið til á vorönn. Stjórnendateymi var þó sammála um mikilvægi þess að halda örviðtölunum, líka þegar allt gengur smurt og vel. Í viðtölunum skapast mikilvægur vettvangur fyrir deildarstjóra og starfsmann að spjalla saman í ró og næði, ná betri tenginu og ræða m.a. tækifæri til vaxtar, þjálfunar og starfsþróunar.

Mat 4ra og 6 ára barna á skólastarfi - Í samræðum er spurningalisti lagður fyrir börnin og þau tjá sig í frjálsum máli um hverja spurningu og teikna sjálfsmynd. Matið er yfirfarið og skoðað hvaða vísbendingar er þar að finna sem draga má lærdóm af.

Niðurstöður gáfu almennt til kynna að börnin væru í góðu jafnvægi og liði vel í leikskólanum. Þau eru skapandi og frjó. Okkur þykir alltaf vænt um þegar svör barnanna gefa til kynna að þau hafa lært að vera vinir. Það er skemmtilegt að segja frá því að þegar börnin eru spurð út í fæðið í leikskólanum þá kemur það í ljós ár eftir ár að það er yfirleitt gufusoðinn þorskur og grjónagrautur sem er vinsælastur hjá börnunum.

Spurningar í matinu voru endurskoðaðar og einfaldaðar á árinu. Við breyttum spurningunni: „hvað gerir kennarinn á deildinni“ í „hvað þurfa kennarar að kunna“ sem gaf tvímælalaust betri sýn á hvaða kosti starfsfólk leikskóla þarf að bera að mati leikskólabarna. Má þar nefna: Að kunna að hugga og þeir þurfa líka að gefa börnum ekki of mikið á diskinn, hjálpa öðrum og senda tölvupóst, hlaupa rosa hratt ef einhver er að detta, fara á fund, kunna að skrifa og lesa og vera góðir, að hvíla sig og finna ró og setja á fossahljóðið, að töfra og taka límið undan rassinum.

Útileiksvæði – Markmiðið var að taka niður kastala sem kominn er til ára sinna og nýta efnivið úr honum eins og hægt var. Þessi umbótaþáttur komst ekki til framkvæmda á árinu.

Viðhorfskönnun meðal starfsfólks - Nafnlaus matslisti var lagður fyrir í lok skólaárs um mat á eigin þekkingu á starfinu og væntingar til þess, um viðhorf til starfsins, til sjálfs síns, til stjórnunar og samstarfs í skólanum. Við veljum að gera eina nafnlausa könnun til að tryggja að ef eitthvað er erfitt að segja í viðtali geti það komið betur fram í nafnlausri könnun.

Niðurstöður könnunarinnar gáfu til kynna að starfsfólk er mjög ánægt eða ánægt í starfi sínu, það fær tækifæri til að nýta þekkingu sína í starfi og fær viðeigandi þjálfun. Starfsfólk sýnir hvoru öðru umburðarlyndi og fær stuðning frá næsta yfirmanni/skólastjóra og allir leggja sig fram til að skapa vingarleg og uppbyggjandi starfsumhverfi. Má til gaman geta að allir sem svöruðu könnuninni myndu mæla með Regnboganum sem vinnustað! Góðar ábendingar og óskir koma einnig fram í starfsmannakönnuninni sbr. hugmyndir að fræðslu fyrir komandi skólaár. Líkt og fyrri ár er mikið lagt upp úr virðingu, gleði og umhyggju meðal alls starfsfólks.

Ytra mat

Ytra eftirlit skrifstofu skóla- og frístundasviðs: breyttar áherslur hjá skóla- og frístundasviði urðu til þess að ekki var eftirlitsheimsókn á haustönn 2024 en heimsókn verður árið 2025 (og annað hvort ár héðan í frá) Haldinn var rafrænn eftirlitsfundur þann 11. nóvember 2025. Niðurstöður af þeim fundi eru að tækifæri til umbóta eru í vinnu við endurskoðaða námsskrá, áfallaáætlun og verklagsreglur. Á ætlun um mat á námi og velferð barna er í skólanámsskrá. Unnið var að umbótum á þessu skólaári og eru áfallaáætlun og verklag vegna tilkynninga til barnaverndar og faliðunar tilbúnar. Áfram veður unnið að því að klára verklagsreglur á komandi skólaári.

Foreldrakönnun

Viðhorfskannanir foreldra til starfsemi Regnbogans eru framkvæmdar annað hvert ár af Tölfræði- og rannsóknarþjónustu skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur. Viðhorfskönnun foreldra til skólastarfsins fór fram á vorönn.

Helstu niðurstöður:

Góð þátttaka var í viðhorfskönnuninni og var svarhlutfall 90,9%.

Í niðurstöðum er reiknuð svarhlutfall fyrir hvern þátt á bilinu 0 til 100%. Flestir þeirra sem tóku þátt telja að barninu sínu líði vel í leikskólanum (98,0%), það sé öruggt (100%) og að stutt sé við þarfir barnsins (98,0%). Meirihluti svarenda telja að leikskólanum sé vel stjórnað (97,9%) og að í honum ríki vingjarnlegt andrúmsloft (97,9%). Ánægja með skólann var 100%.

Í opnum svörum lýstu foreldrar yfir ánægju með starfið í leikskólanum. Það sem var meðal annars nefnt var að foreldrar upplifa að það ríkir góður starfsandi húsinu og að hlýja, umhyggja og góð samskipti við börn og fullorðna séu í hávegum höfð. Foreldrar lýsa einnig yfir ánægju sinni með starfið sem fram fer inni á deildum. Það var oft nefnt að allir starfsmenn þekkja börn af öllum deildum með nafni sem foreldrum þykir vænt um og skapar öryggistilfinningu.

Nokkrir foreldrar tóku fram þá ósk að Regnboginn fái að halda áfram sínum innritunarreglum, að fagleg starfsemi skólans sé góð og mikil ánægja er með Víkingasveit elstu barna.

Sá þáttur sem kom okkur helst á óvart var að 51,1% sögðust ekki þekkja til stefnu og áherslu leikskólans. Áður en barn hefur leikskólagöngu sína í Regnboganum er foreldrum boðið í heimsókn að skoða leikskólann og fá stutta kynning á starfseminni, foreldrar fá auk þess kynningarbækling um leikskólann. Á foreldrafundum í upphafi skólaárs er stefna og áherslur leikskólans kynnt og í Sway-fréttabréfum eru iðulega upplýsingamolar sem styðja við og upplýsa um hvernig deildin vinnur í takt við áherslur leikskólans. Í auka spurningum frá okkur var spurt hvort forsjáraðili barns mætti á þessa kynningu og svöruðu 69,5% já og 8,5% nei. Okkar helstu leiðir til að kynna starfsemi leikskólans er með ofangreindum leiðum og teljum við þær fullnægjandi.

Umbótaáætlun leikskólans fyrir skólaárið 2025-2026

Umbótapáttur/ matspáttur	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Tímaáætlun	Hvernig metið/ aðferðir?	Viðmið um árangur
Áherslur leikskólans í starfi Tilfinningalega styðjandi umhverfi Skapandi starf í anda Reggíó Emilía Mál og læsi	Að starfsemi leikskólans og faglegt starf sé takt við áherslur leikskólans		Skólastjóri, deildarstjórar og starfsfólk	2025-26	Deildarfundir Deildarstjórafundir Fagfundir Skipulags- og fræðsludagar	Starfið í leikskólanum er takt við áherslur leikskólans í starfi
Vinátta Virðing-gleði- umhyggja	Vinna markvisst með vináttu og gildin okkar þrjú	Að vinna með gildin skili sér betur inn á deild	Kennarar & stjórnendur	2025-2026	Deildarfundum Deildarstjórafundum Skipulags- og fræðsludögum	Gildin eru höfð að leiðar ljósi og þeim gefið meira vægi í daglegu starfi.
Útisvæði	Fá heildstæða hönnun á garðinn sem hægt er að vinna að í smáum skrefum	Byrja hugmyndavinnu með börnum og starfsfólki	Skólastjóri	2025-2026	Deildarstjórafundum	Útisvæðið endurspeglar þarfir leikskólans og stefnu um skapandi starf
Námskrá	Námskráin endurspeglar vel áherslur leikskólans í starfi og breytingar sem gerðar voru á aðalnámskrá Gera uppsetningu fallega og rafræna	Endurskoða námskrá og aðlaga að breytingum á aðalnámskrá leikskóla	Skólastjóri	2025-2026	Deildarstjórafundum Skipulagsdögum	
Fjölmenning	Að starf og leikefni og viðmót endurspegli fjölbreytileika	Að við horfum á efnivið með gagnrýnum augum. Er t.d. bókakostur, púsluspil, dúkkur, myndir, lög sem við syngjum og annað að endurspegla fjölbreytileika og jafnrétti.	Deildarstjóri og kennarar	Starfsárið 25-26	Umræður á deildarfundum	Að útlit og leikefni deildar endurspegli fjölbreytileika

Regnboginn leikskóli

-innra mat deildanna

Greinargerð **Gulu** deildar um starfið skólaárið 2024-2025

Yngsta deild skólans heitir Gula deild og dvelja þar 17 börn. Skólaárið 2024-25 voru fjögur börn fædd 2022 og 13 börn fædd 2023.

Við endurmetum og ræðum sýn okkar, áherslur og aðferðir í starfi Regnbogans oft á ári. Endurmatið fer fram á deildarfundum, deildarstjórafundum og starfsdögum.

Tilfinningalega styðjandi umhverfi

Vel tókst að stuðla að tilfinningalega styðjandi umhverfi á deildinni. Virðing, gleði og umhyggja var ríkjandi í flest öllum samskiptum og reynum við eftir bestu getu að hjálpa börnunum að skilja tilfinningar sínar í gleði, reiði, sorg og allt þar á milli. Við notuðum ýmis konar efnivið til að styðja við félagsfærni og tilfinningalæsi barnanna, má þar nefna Vináttuverkefnið og Blæ, bókina um Litaskrímslið o.fl. Daglegt starf einkennist af jákvæðu viðmóti, hlýju og leikgleði sem stuðlaði að vellíðan barna og starfsfólks.



Í umbótaáætlun var markmiðið að vinna með gildin sem koma fram á skóladagatalinu. Vinnan gaf tækifæri til uppbyggilegra samskipta og ígrundunar, þó umfang og nýting efnis hafi verið nokkuð misjöfn eftir gildum

Mál og læsi

Markvissar lestrarstundir voru að lágmarki einu sinni á dag. Bækur eru aðgengilegar fyrir börnin og starfsfólk er duglegt að grípa öll tækifæri til að lesa fyrir þau. Á þessu skólaári voru börnin mjög áhugasöm að láta lesa fyrir sig og greip starfsfólk þann áhuga. Vinna með Lubbi finnur málbeinið var á sínum stað og eitt máhljóð tekið fyrir á viku. Ákveðið var að einblína á fyrstu máhljóðin samkvæmt hljóðaklettum Lubba. Einnig voru tekin fyrir máhljóð þeirra barna sem eiga upphafstaf utan hljóðaklettanna.

Á næsta ári langar okkur að bæta við Lubbasöngstund einu sinni í viku. Einnig stefnum við á að hafa nöfn barnanna sýnilegri upp á veggjum.

Skapandi starf í anda Reggíó Emilía

Reglulega á skólaárinu metum við starfsemi okkar með áherslu á skapandi starf í anda Reggíó Emilía. Við leggjum okkur fram við að halda í forgrunni ferlinu og flæðinu sem börnin fara í gegnum í námi sínum. Á þessu skólaári byrjuðum við seinna með skipulagða listastöð. Í september var áhersla lögð á flæði, félagsfærni og öryggi barna. Við buðum að sjálfsögðu upp á skriffæri og teikningu á hverjum degi í frjálsum leik. Eitt af markmiðum skólaársins var að draga úr færibandavinnu í listsköpun og einblína frekar á ferlið fremur en útkomuna. Það gengur hægt að breyta þessari hugsun hjá kennurum og erum við enn þá of mikið að hugsa um að framleiða listaverk í námsbækur barnanna. Þetta markmið verður einnig fyrir næsta

skólaár þar sem við ætlum að vinna markvisst að því að minnka færibandavinnuna.

Barnahópurinn okkar í ár sýndi uglum mikinn áhuga eftir að kennarar lásu bókina *Uglubörnin*. Við gripum þann áhuga og hófum allskonar vinnu með börnunum í tengslum við uglur. Myndir af uglum í öllum stærðum og gerðum litu dagsins ljós upp á veggjum deildarinnar sem vakti mikla lukku meðal barnanna. Kennarar fundu til uglubangsa og handbrúðu sem börnin léku sér með. Við fundum til lög um uglur til að syngja í söngstundum og teiknuðu börnin uglur við þuluna *Ugla sat á kvisti*. Á listastöð föndruðu þau úr allskonar efnivið sínar útgáfu af bæði fljúgandi sem og standandi uglum. Þar að auki fórum við í göngutúr að leita af uglunni sem hafði flogið í burtu. Börnin fundu hana sem betur fer þeim til mikillar gleði.



Umbótaáætlun *Gulu* deildar fyrir starfsárið 2025-26

Umbótapáttur/ matspáttur	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Tímaáætlun	Hvernig metið/ aðferðir?	Viðmið um árangur
Áherslur leikskólans í starfi Tilfinningalega styðjandi umhverfi Skapandi starf í anda Reggíó Emilía Mál og læsi	Að starfsemi leikskólans og faglegt starf sé takt við áherslur leikskólans		Skólastjóri, deildarstjórar og starfsfólk	2025-26	Deildarfundir Deildarstjórafundir Fagfundir Fræðsludagar	Starfið í leikskólanum er takt við áherslur leikskólans í starfi
Skapandi starf í anda Reggíó Emilía	Áframhaldandi áhersla á flæði í skapandi starfi sem hæfir þroska og getu yngstu barnanna.	Draga enn meira úr færbandavinnu og framleiðslu f. námsbók. Einblína frekar á ferlið og upplifun barnanna. List	Deildarstjóri Starfsmenn deildar	2025-2026	Deildarfundum	Einblína á ferlið frekar en niðurstöðuna. Skrá hjá sér upplifun barnanna, hvað eru þau að spá og segja í ferlinu.
Skapandi starf í anda Reggíó Emilía	Tengja þemað sem við erum að vinna með meira inn í nám barnanna.	Tengja það við fleiri námsþætti en listastöð eins og liti, tölur, náttúruna, söng, dans og málörvun.	Deildarstjóri Starfsmenn deildar	2025-2026	Deildarfundum	Að þemað fléttist inn í fleiri námshætti

Tilfinningalega styðjandi umhverfi	Að koma til móts við hvert barn af virðingu og jákvæðni, með hliðsjón af því hvar það er statt	Áframhaldandi vinna með Blæ. Tengslahringurinn fylltur út 2-3 sinnum á skólaárinu Skoða 0-5 skráningu	Deildarstjóri Starfsmenn deildar	2025-2026	Deildarfundum	Tengslahringurinn og 0-5 skráningar sýni að sérstaklega sé gætt að vellíðan og tilfinningum allra barna
Mál og læsi	Bæta í hvað varðar vinnu með Lubbi finnur málbein.	Nota Lubba meira í leik og bæta við Lubbasöngstund einu sinni í viku.	Deildarstjóri Starfsmenn deildar	2025-2026	Deildarfundum	Að börnin hafi kynnst Lubba og lögum hans og fengið tækifæri til að kanna og leika sér með efniviðinn á fjölbreyttan hátt
Fjölmennning	Að starfshættir, leikefni og viðmót endurspegli þann fjölbreytileika sem er til staðar í samfélaginu	Að efniviður á borð við bækur, púsl, dúkkur, myndir og annað sé metið með gagnrýnum hætti, með það að markmiði að endurspegla fjölbreytileika og stuðla að jafnrétti.	Deildarstjóri Starfsmenn deildar	2025-2026	Deildarfundum	Að leikefni og efniviður deildar endurspegli fjölbreytileikann sem og umhverfi inn á deild.
Vinátta Virðing-gleði-umhyggja	Vinna markvisst með vináttu og gildin okkar þrjú	Að vinna með gildin skili sér betur inn á deild	Kennarar & stjórnendur	2025-2026	Deildarfundum Deildarstjórafundum	Gildin eru höfð að leiðar ljósi og þeim gefið meira vægi í daglegu starfi.

Greinargerð **Rauðu** deildar um starfið skólaárið 2024-2025

Á Rauðu deildinni dvelja að jafnaði 28 börn. Börn fædd árið 2021 voru 17 talsins og börn fædd 2022 voru 11 talsins. Fimm starfsmenn starfa inn á deildinni og afleysing kemur inn fyrir undirbúning.

Skólaárið 2024-2025 var annað árið í röð með nýjum deildarstjóra á Rauðu deild. Lögð var áhersla á að byggja á menningu leikskólans og fara ekki í neinar stórar breytingar, þótt hver deildarstjóri setji vissulega sitt mark á starfið. Byggt var á fyrra skipulagi deildarinnar, morgunsamverur voru teknar upp að nýju, en þó með þeim formerkjum að þeim mætti sleppa ef það hentaði t.d. þá daga sem deildarfundir og útinám voru.

Tilfinningalega styðjandi umhverfi - Við leggjum áherslu á að hverju barni sé mætt af gleði, virðingu og umhyggju. Við leggjum okkur fram við að koma auga á og hrósa fyrir það sem gengur vel frekar en að halda á lofti því sem miður fer. Jákvæð athygli og jákvæð samskipti er svo miklu betri næring fyrir barnssálina en skammir og neikvæð samskipti.

Við notum 0-5 skráningu nokkrum sinnum yfir veturinn til að meta samkipti okkar við börnin. Þar erum við að horfa inn á við og skoða hversu mikil samskipti okkar eru við hvert barn og hvort þau séu jákvæð eða neikvæð.

Eins og umbótaáætlun gerði ráð fyrir unnum við með þau gildi sem koma fram á skóladagatali. Það var þó misjafnt hversu mikil og markviss vinna fór fram og misjafnt hversu vel við nýttum efni sem tekið var saman fyrir hvert gildi.

Blær hefur ekki átt skipulegar stundir en kemur oft í heimsókn eða með í útinám og hugmyndafræðin á bak við hann er notuð í ýmsum aðstæðum. Umræðuspjöldin hafa nýst vel í samverustundum, sérstaklega þegar upp hafa komið samskipti sem betur mega fara. Börnin lærðu snemma að segja Stopp í aðstæðum sem þeim leið ekki vel í.

Við höfum verið að bjóða upp á ærslaleik af og til en þar gefast tækifæri til að setja sín eigin mörk, bíta á jaxlinn, æfa hugrekki, seiglu og samskipti.

Mál og læsi - Lestrarstundum eftir nónhressingu var skipt meira upp þannig að yngri hópnum var skipt í tvennt með því að fá athvarf inni í Skjóli. Þetta kom mjög vel út og hóparnir nutu sín betur og auðveldara var að vinna með málörvun með minni hópum. Einnig höfðum við lestrarstundir úti. Samverustundir nýtum við svo fyrir alls konar málörvun, s.s. klappa takt, ríma og syngja



Lubbastundir eru fastur liður í dagskipulagi og hefur Jónína haldið utan um það með miklum sóma. Lestrarsprettur Lubba heppnaðist einstaklega vel, 544 bækur voru lesnar. Lubbi hefur svo einstaka sinnum laumað sér með í útinámsbakpokann við mikla hrifningu barnanna.

Flæði í leik - Frjálsi leikurinn fær gott rými í dagskipulaginu og börnin hafa möguleika á að flæða milli leiksvæða og viðfangsefna, þótt við höllum stundum hurðum til að fá meiri ró. Áhersla er lögð á að starfsfólk sé þar sem börnin eru þannig að börnin séu aldrei ein í rými. Þess er vænst að starfsfólk sé vakandi fyrir leiknum og noti tækifæri sem gefast til að styðja við leikinn og leggja inn góðar samskiptareglur. Í Reggio er talað um umhverfið sem þriðja kennarann. Það er því mikilvægt að starfsfólk hlusti/horfi eftir áhuga barna og skipuleggi rými þannig að það sé örfandi fyrir leikinn, setji fram leikboð og kveikjur og stöðvavinnu, sem vekja spurningar og tala til ímyndunarafls barna. Í flæði er lagt upp með að börn nái ró, gleymi stað og stund og leiki sér með efnivið sem er opinn og ögrar ímyndunarafli þeirra.



Útinám - Eins og á síðasta starfsári skipaði útinám stóran sess og umbótaáætlun gerði ráð fyrir að halda því áfram. Það hefur fyrst og fremst verið eldri hópurinn sem hefur farið í ferðir út fyrir leikskólann. Hópnum var skipt í tvennt og hver hópur fór annan hvern þriðjudag í ferð utan leikskóla. Þetta hefur gengið mjög vel og börnin hlakka til útinámsdaganna.



Yngri hópurinn hefur aðeins farið líka út fyrir leikskólann, en styttra og ekki eins oft. Það er þó áhugi á að þar verði breyting á, að þau fari líka í reglulegar ferðir. Stuttar til að byrja með en lengri eftir því sem líður á skólaárið. Sömuleiðis er áhugi á að fleiri starfsmenn komi að útináminu.

Hreyfistundir voru einu sinni í viku samkvæmt skipulagi. Bæði fyrir yngri hóp og eldri hóp. Til að byrja með sá Hildur um hreyfistundirnar, en þegar hún tók við Gulu deildinni, gripu Rakel og Rebekka þann bolta með sóma.

Skapandi starf - Lögð var áhersla á að vinna með fjölbreyttan efnivið, bæði hefðbundinn og óhefðbundinn. Börnin hafa til dæmis mála með ýmsu öðru en penslum, s.s. plastpokum og bandspottum. Verðlausan efnivið eins og úrgangspappír notuðum við til að búa til mótunarefni og skemmtilegar pappírsarkir. Við tókum góðan tíma í það ferli. Skapandi starf er heldur ekki bundið við inni aðstæður. Að mála úti, að mála úti í rigningu, að gera myndir úr því sem við finnum á förnum vegi er líka ótrúlega spennandi.



Upplýsingaflæði - Sway póstar hafa að jafnaði verið sendir út aðra hverja viku. Þar er farið yfir hvað á daga okkar hefur drifið og hvað við höfum verið að bardúsa. Þarna geta foreldrar fengið innsýn inn í leikskólalífið, hvað barnið er að upplifa og læra í leikskólanum og þeir geta skapað umræðugrundvöll fyrir foreldra og börn, sem hefur jákvæð áhrif á málþroskann.

Kynningarfundur fyrir deildaskipti - Í lok skólaárs var haldinn stuttur kynningarfundur fyrir foreldra barna sem flytjast af Gulu yfir á Rauðu í vor. Þetta var gert til að gefa foreldrum tækifæri til að hitta starfsfólk nýrrar deildar, kynna þær breytingar sem fylgja flutningum og skapa þannig öryggi og traust.

Umbótaáætlun **Rauðu** deildar fyrir starfsárið 2025-2026

Umbótaþáttur/ matsþáttur	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Tímaáætlun	Hvernig metið/ aðferðir?	Viðmið um árangur
Starf í anda Reggíó Emilía	Allan ársins hring metum við starfshætti leikskólans í takt við skapandi starf í anda Reggíó Emilía. Áhersla á ferli frekar en afurð..	Fræðsla og umræður um Reggio, flæði og ferli í stað niðurstöðu.	Deildarstjóri og leikskólakennari	Starfsárið 2024-25	Deildarfundir Deildarstjórafundir Fagfundir	Starfið á deildinni er í takt við Reggíó Emilía stefnuna þar sem áherslan er á flæði og ferlið sem barn fer í gegnum í námi sínu.
Skapandi starf í anda RE	Áhersla á ferli og áhuga barna fremur en afurð. Að kynna fyrir börnum margskonar efnivið og jafnframt gefa þeim tækifæri til að nota efnivið á þann hátt sem þau kjósa. Nota hugarkort til að kortleggja áhuga og leiðir til að vinna með þemu sem vekja áhuga	Nýta betur deildarfundir til að ræða hvað við erum að gera og hvernig það samræmist vinnu í anda RE. Að allir starfsmenn hafi svigrúm til að grípa áhuga barna og vinna með.	Deildarstjóri og leikskólakennari	Starfsárið 25-26	Deildarfundir	Að skráningar sýni að börn hafi fjölbreytt tækifæri til að kanna og vinna með fjölbreyttan efnivið.
Tilfinningalega styðjandi umhverfi	Að mæta hverju barni af virðingu, jákvæðni og þar sem það er statt.	Að halda áfram að vinna með Blæ og kynnast því námsefni betur, s.s. umræðuspjöldin og lögin. Að festa 0-5 skráningu í sessi.	Deildarstjóri Leikskólakennarar	2025-26	Deildarfundir	Að 0-5 skráningar og aðrar athuganir, sýni að hugað sé að liðan allra barna
Mál og læsi	Nota Lubba á fjölbreyttari hátt. Leikir, spil, Lubbasöngstundir	Að einn starfsmaður haldi utan um Lubbaefni, en fleiri komi að því að vinna með það. Hugmyndamappa eða karfa sem hægt er að ganga í	Deildarstjóri og leikskólakennari	Starfsárið 2025-2026	Deildarfundir og skráningar	Að börnin þekki Lubba og lögin hans og hafi haft tækifæri til að rannsaka og leika sér með það
Útinám	Áframhaldandi útinám. Meiri áhersla á yngri hóp og finna leiðir til að sá hópur geti farið í gönguferðir út fyrir leikskólann í sama	Útinám er með sérstakt pláss í vikuskipulagi. Laga vikuskipulag að áherslu á útinám yngri hóps og þátttöku allra starfsmanna	Deildarstjóri og leikskólakennari á deild.	Starfsárið 25-26	Deildarfundir og skráningar á útinámi.	Skráningar

	mæli og eldri hópurinn. Allt starfsfólk komi að útinámi					
Fjölmennning	Að starf og leikefni og viðmót endurspegli fjölbreytileika	Að við horfum á efnivið með gagnrýnum augum. Er t.d. bókakostur, púsluspil, dúkkur, myndir, lög sem við syngjum og annað að endurspegla fjölbreytileika og jafnrétti.	Deildarstjóri og leikskólakennari	Starfsárið 25-26	Umræður á deildarfundum	Að útlit og leikefni deildar endurspegli fjölbreytileika
Vinátta Virðing-gleði-umhyggja	Vinna markvisst með vináttu og gildin okkar þrjú	Að vinna með gildin skili sér betur inn á deild	Kennarar & stjórnendur	2025-2026	Deildarfundum Deildarstjórafundum	Gildin eru höfð að leiðar ljósi og þeim gefið meira vægi í daglegu starfi.

Greinargerð **Grænu** deildar um starfið skólaárið 2024-2025

Elsta deild skólans heitir Græna deild. Skólaárið 2024-2025 dvöldu þar 31 barn, 15 börn fædd 2019 (9 drengir, 5 stúlkur), 16 börn fædd 2020 (9 drengir, 7 stúlkur).

Við endurmetum og ræðum sýn okkar, áherslur og aðferðir í starfi Regnbogans oft á ári. Endurmatið fer fram á deildarfundum, deildarstjórafundum og á starfsdögum.

Skapandi starf í anda Reggio Emilia

Í umbótaáætlun síðasta árs var stefnt að því að bæta skipulag og flæði á deildinni og efla fræðslu um starf í anda Reggio Emilia, með það að markmiði að auka skilning og færni starfsmanna. Áfram var stefnt að því að leggja áherslu á að gera nám barnanna sýnilegt með myndrænum og skriflegum skráningum, en skoða jafnframt hvað það er sem verið er að skrá- og skrá frekar námsferli en viðburði. Að auki var ákveðið að senda áfram reglulega skráningar í formi Sway fréttabréfs til foreldra/forráðamanna.



Bætt skipulag og flæði í starfi í anda Reggio Emilia

Á Grænu deildinni eru elstu börnin í leikskólanum. Líkt og fyrri ár hefur umhverfið á deildinni tekið reglulega breytingum og það aðlagð þörfum og kröfum barnanna sem þar dvelja, til að skapa þeim umhverfi og efnivið sem hentar hverju sinni.

Við reyndum eins og kostur var að hafa frjálst flæði í öllu starfi á deildinni, en þurftum þó að styðjast við stýringar á svæðum innan deildarinnar vegna barna sem þurftu aðstoð í félagslegum samskiptum og hentaði frjálst flæði ekki eins vel og öðrum.



Skapandi starf í anda Reggio Emilia – skráningar



Skráningar skipa stóran sess í starfi leikskólans. Hópstjórar sáu um að gera skráningar fyrir námsbækur barnanna, ásamt skráningum sem hengdar voru upp á deildinni og í fataklefa.

Regluleg fréttabréf voru send í tölvupósti til foreldra/forráðamanna. Í þeim voru skriflegar og myndrænar skráningar af leik og starfi barnanna í leikskólanum. Þar var til að mynda fjallað um daglegt starf, útinám, afmæli barnanna, stöðvavinnu, ferðir og uppákomur í leikskólanum o.fl. Fréttabréfin teljast partur af þeim skráningum sem gerðar eru á námi og starfi barnanna á deildinni.

Starfsmenn eru sammála um að vel hafi tekist að vinna að ofangreindum umbótaþáttum á árinu.

Tækifæri til umbóta

- Gæta þess vel að halda jákvæðri sýn á börnin og muna að þau búa öll yfir sköpunarkrafti og hugmyndum. Vera dugleg að vinna með börnunum – rannsaka með þeim, læra, hlusta, skrá, taka þátt og ígrunda bæði kennslu og nám.
- Barn þroskast í samtali við umhverfið sem það er í. Halda áfram að vera vakandi fyrir tækifærum til umbóta í umhverfinu hjá okkur á deildinni.
- Skoða hvernig hægt er að lágmarka álag vegna skráninga.

Tilfinningalega styðjandi umhverfi

Í umbótaáætlun síðasta árs voru sett þau markmið að styðja betur við þau börn sem glíma við hegðurnarvanda og/eða vanlíðan og auka gæði í samskiptum milli barna og milli barna og fullorðinna. Lagt var upp með að starfsfólk væri góðar fyrirmyndir, aðstoði börn í leik og kenni samskipti. Einnig að starfsfólk væri á staðnum og gripi inni áður en samskipti yrðu erfið.

Áfram var unnið, líkt og undanfarin ár, með Vináttuverkefni Barnaheilla. Hvert barn á sinn Blæ bangsa, sem alltaf eru aðgengilegir. Yngri barnahópurinn var með sína bangsa með í hvíldartímum og báðir hópar tóku bangsana sína gjarnan með í leik.

Undanfarin ár höfum við unnið með vináttuverkefni, sem þróað var út frá forvarnarverkefni Vöndu Sigurgeirsdóttur og Vináttuverkefni Barnaheilla, þar sem rík áhersla er lögð á *vináttu*,

samskipti og **samvinnu**. Ekki tókst að vinna eins markvisst með vináttuverkefnið á þessu skólaári eins og vonir stóðu til. Á deildinni voru nokkur börn sem þurftu mikla aðstoð vegna hegðunarvanda og var sérstaklega unnið með þeim börnum til að styrkja þau í jákvæðum samskiptum.



Tækifæri til umbóta

- Vinna markvisst með vináttuverkefni fyrir báða hópa til að styðja við félagsþroska og jákvæð samskipti.
- Halda jákvæðri sýn á barnið og mæta því af vinsemd og virðingu þar sem það er statt.



Mál og læsi

Markmið skólaársins var að gæta þess að markviss vinna með Lubba námsefnið dytti ekki niður hjá börnunum á Grænu deildinni, gera meira úr Lubbastundum og vinna með efnið á fjölbreyttari hátt og jafnvel tengja nýtt námsefni, Stafagaldur, við mál og læsisvinnunna.

Unnið var með Lubba námsefnið, í aldursskiptum hópum, líkt og undanfarin ár. Öll börn fóru í Lubbastund einu sinni í viku þar sem farið var yfir mállhljóð vikunnar og unnið með það á fjölbreyttan hátt.

Námsefni fyrir Stafagaldur var notað nokkrum sinnum á skólaárinu fyrir elstu börnin og gafst vel, þarfnast þó undirbúnings og æfingar.

Tækifæri til umbóta

- Auka áherslu á vísur og þulur.
- Vinna meira/nánar með mállhljóðin. Skoða mögulega fleiri kennsluaðferðir.
- Nota *Gefðu 10* til að styrkja þau börn sem þurfa á sérstakri málörvun að halda.

Aðrir umbótaþættir



Útinám

Í útinámi var lögð áhersla á að auka fjölbreytni, efla náttúrulæsi og fækka heimsóknum á leikvelli í gönguferðum. Gönguferðir voru farnar reglulega í útinámi allt skólaárið, að mestu undir handleiðslu reyndari kennara, sem gafst vel og skilaði sér í auknum áhuga barna og starfsmanna.

Tækifæri til umbóta

- Auka gæði útinámskennslu.
- Fara með minni hópa í skipulagðar gönguferðir.

Umbótaáætlun **Grænu** deildar fyrir starfsárið 2025-2026

Umbótaþáttur/ matsþáttur	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Tímaáætlun	Hvernig metið/ aðferðir?	Viðmið um árangur
Áherslur leikskólans í starfi Tilfinningalega styðjandi umhverfi Skapandi starf í anda Reggíó Emilía Mál og læsi	Að starfsemi leikskólans og faglegt starf sé takt við áherslur leikskólans.		Skólastjóri, deildarstjórar og starfsfólk	Skólaárið 2025-26	Deildarfundir Deildarstjórafundir Fagfundir Starfsdagar	Starfið í leikskólanum er takt við áherslur leikskólans í starfi.
Skapandi starf í anda RE	Áhersla á ferli og áhuga barna fremur en útkomu. Kynna fyrir börnum margskonar efnivið og jafnframt gefa þeim tækifæri til að nota hann á þann hátt sem þau kjósa.	Vera vakandi fyrir tækifærum til umbóta í umhverfinu á deildinni. Skoða og meta reglulega á deildarfundum. Hvetja alla starfsmenn til að grípa áhuga barna og vinna með hann.	Deildarstjóri Allir starfsmenn	Skólaárið 2025-26	Deildarfundir Endurmatsfundur kennara/stjórnenda	Skráningar sýni að unnið sé með margvíslegan efnivið út frá áhuga barna á fjölbreyttan hátt.
Skapandi starf í anda RE - Skráningar	Halda áfram að gera nám barnanna og hæfileika sýnilega með myndrænum og skriflefum skráningum, en gæta jafnframt að því að halda álagi vegna skráninga í lágmarki.	Hengja upp skráningar í fataklefa. Hengja upp myndir inni á deild svo börnin geti séð. Fréttir í formi fréttabréfs 1-2 í mánuði. Takmarka fjölda skráninga í námsbækur.	Deildarstjóri/ hópstjóri	Skólaárið 2025-26	Deildarfundir Deildarstjórafundir Endurmatsfundur kennara/stjórnenda	Starfsmenn geti metið og skilið börnin og lærdóm þeirra og áhrifin sem þeir sjálfir hafa. Skráningar taka ekki allan undirbúningstíma.

Tilfinningalega styðjandi umhverfi	Auka gæði í samskiptum á deildinni og leggja áherslu á að mæta hverju barni af virðingu og jákvæðni, þar sem það er statt.	Starfsfólk sé góðar fyrirmyndir, aðstoði börn í leik og kenni samskipti. Starfsfólk setji skýr mörk af virðingu og yfirvegun.	Deildarstjóri Allir starfsmenn	Skólaárið 2025-26	Deildarfundir Deildarstjórafundir Endurmatsfundur kennara/stjórnenda	Aukinn félagsþroski og jákvæðari samskipti á deildinni. Allir starfsmenn virkir þátttakendur. Meiri ró á deildinni.
Vináttu verkefni	Efla jákvæð samskipti og félagsfærni. Forvörn gegn einelti.	Vinna markvisst með vináttuverkefni fyrir báða hópa.	Deildarstjóri/ hópstjóri	Skólaárið 2025-26	Deildarfundir Deildarstjórafundir Endurmat kennara og sérkennslustjóra	Aukinn félagsþroski og jákvæðari samskipti milli barnanna.
Mál og læsi	Efla málvitund og auka orðaforða. Gæta þess að markviss vinna með Lubba námsefnið detti ekki niður á Grænu deild.	Vinna meira með ljóð og þulur. Vinna með Lubba námsefnið á fjölbreyttan hátt.	Deildarstjóri/ hópstjóri	Skólaárið 2025-26	Deildarfundir Deildarstjórafundir Endurmat kennara og sérkennslustjóra	Að börnin hafi eflst í hlustun og skilningi og aukið orðaforða sinn.
Útinám	Auka gæði í útinámskennslu til að efla áhuga og náttúrulæsi.	Gönguferðir hafi fastan stað í vikuskipulagi. Litlir hópar fari í skipulagt útinám.	Deildarstjóri/ hópstjóri	Skólaárið 2025-26	Umræður á deildarfundum	Aukið náttúrulæsi og áhugi barna og starfsmanna.
Fjölmennning	Að starf, leikefni og viðmót endurspegli fjölbreytileika	Að við horfum á efnivið með gagnrýnum augum. Er t.d. bókakostur, púsluspil, dúkkur, myndir, lög sem við syngjum og annað að endurspegla fjölbreytileika og jafnrétti.	Deildarstjóri og leikskólakennari	2025-2026	Umræður á deildarfundum	Að útlit og leikefni deildar endurspegli fjölbreytileika

Starfsþróunarsamtöl, fræðsla og skipulagsdagar

Skipulags- og fræðsludagar eru haldnir á laugardögum. Regnboganum er ekki lokað á virkum dögum vegna þeirra og fyrir þá er greidd yfirvinna.

Skipulags- og fræðsludagar eru að jafnaði 7-8 á ári. Við gerð áætlunarinnar er tekið mið af óskum starfsmanna úr starfsmannakönnun og hverjar þarfir inna leikskólans eru hverju sinni. Námskeiðsdagur um *Slysavarnir barna* sem Herdís Storgaard sér um er haldið árlega og þarf starfsfólk að sækja námskeiðið annað hvert ár. Foreldrum er alltaf boðið á námskeiðið.

Þá munum við áfram bjóða uppá margskonar samveru starfsfólks, fræðslu og þjálfunarbúðir innan- og utandyra með það að markmiði að styrkja starfsanda, gæði og efla fagmennsku í öllu starfi Regnbogans. Við skipulagið verður m.a. horf til óska starfsmanna um fræðslu og endurmenntun.

Drög að áætlun um símenntun í leikskólanum:

- **Fyrsti skipulagsdagur skólaársins** verður laugardaginn 27. september frá 8:00-14:00 Farið verður í hefðbundin mál eins og vanalega og síðan kemur Eyrún Ísfold Gísladóttir höfundur *Lubbi finnur málbein* með námskeið og upprifjun fyrir starfsfólk. Ákveðið var að fá Lubba-námskeið þar sem kallað var eftir því í starfsmannakönnun
- Slysavarnarnámskeið barna með Herdísi Storgaard verður 7. febrúar
- Námskeið, ráðstefnur og málþing verða í boði eftir því sem býðst og tækifæri gefast og áhugi er fyrir hjá starfsfólki.

Samstarf

Samstarf leik- og grunnskóla: Við erum í góðu samstarfi við Ártúnsskóla líkt og áður auk þess sem bæði börn og kennarar beggja skólanna koma í heimsóknir hver til annars. Grunnskólabörn 4. bekkjar koma í heimsókn í Regnbogann og lesa fyrir leikskólabörnin og leikskólabörnin fara í heimsókn í tíma, á bókasafn, skólasel og íþróttahús. Að vori eru haldnir skilafundir til skiptist í Regnboganum og Ártúnsskóla. Skólastjóri átti gott samstarf við Guðrúni Báru aðstoðarskólastjóra Ártúnsskóla.

Samstarf við Tónskóla Sigursveins: Frá upphafi hefur Regnboginn átt samstarf við Tónskóla Sigursveins og eru elstu börnin með í samstarfsverkefni tónskólans og leikskóla í Reykjavík. Söngstjóri í Regnboganum er Kristbjörg Ingimundardóttir. Samstarfið felur m.a. í sér að elstu börnunum er boðið í heimsókn í tónskólann og fá þau þar m.a. kynningu á hljóðfærum. Í ár var lögð áhersla verk eftir Braga Valdimar Skúlason tónskáld og textahöfund og sungu börn úr elsta árgangi lög eftir þau á Barnamenningarhátíðinni í Hörpu.



Dansnámskeið: Árlega býður Regnboginn börnum og starfsfólki upp á dansnámskeið. Í ár sá Jóhanna Einarsdóttir um danskennsluna en hún hefur um árabil séð um kennsluna hjá okkur. Dansnámskeiðið fer fram á föstudagsmorgnum í janúar og febrúar ár hvert.

Foreldrasamvinna

Gott foreldrasamstarf er afar mikilvægt heilbrigðu og farsælu leikskólastarfi og lítum við svo á að dagleg samskipti milli foreldra og starfsfólks leggi grunninn að því. Í Regnboganum viljum við að gildin okkar *virðing – gleði og umhyggja* endurspeglast í öllum samskiptum innan leikskólans, við börnin, milli starfsmanna og við foreldra.


Foreldrafundir voru haldnir í upphafi nýs starfsárs og þá er kosið í foreldraráð, nýtt skóladagatal kynnt og starfsemi hverrar deildar er kynnt í máli og myndum sem og annað það sem fyrir liggur. Foreldrasamstarf hefur alltaf verið gott og aldrei verið skortur foreldrum sem gefa kost á sér til starfa í foreldraráðið.

Foreldraviðtöl eru í námunda við afmæli og svo eftir óskum bæði foreldra og kennara. Símatími er daglega og foreldrar og kennarar hafa eins oft og vilji er til, viðtöl eða samband með tölvupósti. Mikilvægust teljum við þó alltaf daglegu samskiptin vera, þegar foreldrar koma með og sækja barn sitt.

Foreldra- og skólaráð er samstarfsvettvangur leikskólans, foreldraráðs og foreldrafélagsins en við höfum kosið að hafa það einn hóp. Kosið er í ráðið á foreldrafundum að hausti auk þess sem skólastjóri eða annar fulltrúi leikskólans situr í ráðinu. Þrír aðalfulltrúar eru í skólaráði og en þó hafa alltaf verið fleiri sem vilja vera með og er þá bara fjölgað í hópnum, á síðasta skólaári voru 15 fulltrúar í ráðinu. Ekki hefur þurft að „lokka eða skylda“ foreldra til að vera með og hefur samstarf við foreldra verið farsælt.

Samstarf skólans og foreldraráðs er um slysavarnanámskeið sem við höldum ár hvert fyrir starfsfólk og foreldra, um sveitaferð, um opið hús, sameiginlega leikhúsferð, grillveislur og margt, margt fleira. Auk þess hefur foreldra- og skólaráðs staðið fyrir fræðslufundum en í febrúar í ár stóð foreldraráð fyrir fyrirlestri um tengsl málþroska og skjátíma sem Halldís Ólafsdóttir talmeinafræðingur sá um.

Lokaorð



Þessari samantekt er ætlað að gefa skólayfirvöldum, foreldrum og starfsliði sýn á starfsemi Regnbogans en einnig að geyma sögu skólans í örlítilli mynd. Við vonumst til að áherslur okkar í starfi séu vel sýnilegar í þessari samantekt.

Reykjavík júlí 2025

Fanney Guðmundsdóttir

Leikskólastjóri

Fylgiskjöl

- Umsögn foreldraráðs
- Skóladagatal

Regnboginn

Skóladagatal 2025-2026

SEPTEMBER		OKTÓBER		NÓVEMBER		DESEMBER		JANÚAR		FEBRÚAR		MARS		APRÍL		MAÍ		JÚNÍ		JÚLÍ	
1		1	Foreldraráðsf.?	1		1	Fullveldisdagurinn	1	Nýársdagur	1		1		1	Dagur einhverfunnar Blár dagur	1	Verkalyösdagurinn	1		1	
2	Græna kl. 20:00	2		2		2		2		2		2		2	Skírdagur	2		2		2	
3		3		3		3		3		3		3	Regnboginn 23 ára	3	Föstudagurinn langi	3		3		3	Sumargrill?
4		4		4		4		4		4		4		4		4		4		4	
5		5		5	Ömmu og afa kaffi á Grænu deild	5	Leikhús í tösku kl. 9:15	5		5		5		5	Páskadagur	5		5		5	
6		6		6		6		6	Prettándinn	6	Dagur leikskólans Dans	6		6	Annar í Páskum	6		6		6	
7		7		7	Jó í skó - skil?	7		7		7	Slysavaramánmsk.	7		7		7		7	Sjómannadagurinn	7	
8	Dagur læsis	8		8	Baráttudagur gegn einelti	8		8		8		8		8		8	Starfsdagur stjórna	8		8	
9	Rauða kl. 20:00	9		9		9		9	Danskennsla hefst	9		9		9		9	Sveitaferð kl. 13	9		9	
10		10		10		10		10		10		10		10		10		10		10	
11		11		11		11		11		11		11		11		11		11		11	
12		12		12	Lestrarspretti líkur	12		12		12		12		12		12		12		12	
13		13		13		13		13		13	Dans	13		13		13		13		13	
14		14		14		14		14		14		14	Dagur stærðfræðinna	14		14	Uppstigningardagur	14		14	
15		15		15	Skipulagsdagur	15		15		15		15		15		15	Grænn dagur	15		15	
16	Dagur islenskrar náttúru	16		16	Dagur islenskrar tungu Lubbi afmæli	16		16	Dans	16	Bolludagur	16	Tannverndarvika	16		16		16		16	
17	Gula kl. 20:00	17	Starfsdagur stjórna	17		17	Litlu jólin??	17	Skipulagsdagur	17	Sprengidagur	17		17		17		17	Lýðveldisdagurinn	17	
18		18		18		18		18		18	Öskudagur	18		18	Skipulagsdagur	18		18		18	
19		19		19		19		19		19		19		19		19	Útskriftarferð	19		19	
20		20		20	Dagur mannréttinda	20		20		20	vöflukaffi - Dans	20	Alþjóðlegi tannverndard.	20		20		20		20	
21		21		21		21		21		21		21		21	Barnamenningarhátíð	21		21		21	
22		22		22		22		22		22	Konudagur - upphaf	22		22		22		22		22	
23		23	Bleikur dagur	23		23	Þorláksmessa	23	Bóndadagur - Þorlákablót	23		23		23	Sumardagurinn fyrsti opiðhús	23		23		23	
24		24		24		24	Aðfangadagur jóla	24		24		24		24		24	Hvítasunnudagur	24		24	
25		25	Fyrsti vetrardagur	25		25	Jóladagur	25		25		25		25		25	Annar í Hvítasunnu	25		25	
26	Evrópski tungumálad.	26		26		26	Annar í jólum	26		26		26		26		26		26		26	
27	Skipulagsdagur	27	Bangsa og náttfatadagur	27		27		27		27	Dagur einstakra barna - glitrandi dagur	27		27		27		27	Útskrift	27	
28		28		28		28		28		28		28		28		28	Víkingasveit hefst Aðlögun á Gulu*	28		28	
29		29	Lestrarsprettur hefst	29		29		29		29		29	Pálmisunnudagur	29		29		29		29	
30		30		30		30		30	Dans	30		30		30		30		30		30	
		31				31	Gamlársdagur	31				31				31				31	

Ekki er lokað í leikskólanum á skipulagsdögum, lokað er milli jóla- og nýárs.
Regnboginn og foreldrafélagið standa árlega saman að námskeiði um slysavarnir barna f. starfsfólk og foreldra
*Fimmtudaginn 28. maí leggst útskriftarhópur í viking, börn flytjast á milli deilda og ný börn hefa aðlögun á Gulu

Gildi Regnbogans eru: **Virðing - Gleði - Umhyggja**

Einkunnarorð leikskólans eru: **Börn eru**

Samkvæmt 2. grein laga um leikskóla frá 2008 segir um markmið leikskólastarfs

Í leikskólum skal velferð og hagur barna hafður að leiðarljósi í öllu starfi. Veita skal börnum umönnun og menntun, búa þeim hollt og hvetjandi uppeldisumhverfi og örugg náms- og leikskilyrði. Stuðla skal að því að nám fari fram í leik og skapandi starfi þar sem börn njóta fjölbreyttra uppeldiskosta. Starfshættir leikskóla skulu mótast af umburðarlyndi og kærleika, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi, virðingu fyrir manngildi og kristinni arfleifð íslenskrar menningar.

Samkvæmt 11. grein sömu laga segir um hlutverk foreldraráða

Hlutverk foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs Regnbogans

Fulltrúar foreldra í stjórn foreldra- og skólaráðs Regnbogans skólaárið 2024-2025 hafa kynnt sér skýrslu leikskólastjóra og samantekt þess skólaárs sem nú er á enda og drög að starfsáætlun næsta skólaárs 2025-26.

Ljóst er eftir lestur skýrslunnar að hún lýsir afar vel því öfluga, fjölbreytta og þroskandi starfi sem fram fer í leikskólanum. Megin stoðirnar í starfi Regnbogans, *tilfinningalega styðjandi umhverfi, mál og lesþroski og skapandi starf* eru afar sýnileg í starfi deilda Regnbogans en taka um leið mið af þroska barnanna á hverjum tíma. Í mörg ár hefur verið unnið ötullega að því að styðja við málþroska barnanna sem á Regnboganum eru. Námsefnið „Lubbi finnur málbein“, sem unnið er með á öllum deildum Regnbogans, allt frá yngstu börnunum á Gulu deild til eldri hóps á Grænu deild, og nálgun kennara leikskólans að því námsefni sem og öðru kennsluefni styður vel við læsi barnanna í viðum skilningi. Að sama skapi vinna allar deildir markvisst með skapandi starf þar sem sjálfstæði barnanna og frjálst flæði er í fyrirrúmi. Að auki hefur Regnboginn haldið áfram að vinna með vináttu í gegn um Vináttuverkefni Barnaheilla sem hefur styrkt tilfinningalegan þroska barnanna á öllum stigum. Allt starf Regnbogans stuðlar því að efla börnin á alla mögulega vegu.

Kennarahópur Regnbogans er einstaklega hæfur og metnaðarfullur og leggur sig fram í endurmenntun. Kennarar sýna börnunum virðingu í öllu sínu starfi, sem og hlýju. Sést það sem dæmi á því hvernig börnunum er heilsað og þau kvödd með nafni, en allir kennarar gefa sig að starfinu og sýna börnunum einlægan áhuga. Hópurinn vinnur líka mjög vel saman sem tryggir samfellu í námi barnanna frá því þau hefja leikskólagöngu við 12-18 mánaða aldur. Allt starfið leggur grunn að áframhaldandi skólagöngu barnanna og börn sem útskrifast úr Regnboganum eru vel undirbúin undir grunnskólagöngu.

Foreldrar eru vel upplýstir um starfið sem fer fram í Regnboganum og regluleg fréttabréf með myndum sem sýna börnin að störfum eru mikilvæg fyrir foreldra. Foreldraviðtöl eru einnig hnitmiðuð og fagleg og gefa vel til kynna stöðu barnsins á hverjum tíma.

Húsnæði skólans er vel við haldið og mikið lagt upp úr því að það mæti þörfum barnanna og styðji við starf skólans. Skólalóðin tekur einnig mið af þörfum barnanna og styður vel við áherslu Regnbogans um skapandi starf í leikskólanum, þ.á.m. í útiveru. Byggingin og umhverfið gefur börnunum færi á að kanna umhverfi sitt á öruggan hátt.

Sem starfandi skólasálfræðingur til 10 ára getur undirrituð vottað fyrir það að Regnboginn trónir á toppnum hvað faglegt, einlægt og innihaldsríkt starf varðar. Samstarf við foreldra er til fyrirmyndar og andinn sem Regnboganum fylgir einstakur.

Að mínu mati nær Regnboginn markmiðum sínum um að hvert barn þar öðlist:

Góðan almennan þroska
Tilfinningalega færni
Sterka sjálfsvitund
Sjálfsaga
Hæfni í samskiptum
Skapandi færni
Frjóa hugsun

Fyrir hönd foreldraráðs

Karitas Ósk Björgvinsdóttir

formaður 2024-2025